

Deiliskipulag Reykjanesbrautar Ásland til Krýsuvíkurvegjar - lýsing endurskoðunar umhverfisskýrslu

Umhverfisskýrsla þessi er endurskoðun umhverfisskýrslu sem unnin var sem hluti af deiliskipulagi dagsettu 18.12.2007 deiliskipulagi Reykjanesbrautar og svæðis umhverfis hana frá Áslandi I að Hellnahrauni I, og er hluti af breytingu á því deiliskipulagi. Um er að ræða svæðið frá göngubrú á milli Hvammahverfis og Áslandshverfis að Bikhellu, auk svæðis meðfram Krýsuvíkurvegi að hringtorgi við Hellnahraun.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir framtíðar vegstæði Reykjanesbrautar og aðliggjandi gatna og svæða sem framkvæmdir taka til auk Krýsuvíkurvegjar að hringtorgi við Hellnahraun. Mörkin taka á sig nokkra króka til að ná yfir allar mótvægisáðgerðir á deiliskipulagssvæðinu.

Markmið með deiliskipulaginu er að tryggja að fyrir liggja lögformlegt skipulag fyrir framkvæmdirnar og að þær séu í samræmi við aðrar deiliskipulagsáætlanir og skipulagsáform á svæðum sem að deiliskipulagssvæðinu liggja.

Deiliskipulagið felur í sér framkvæmdir sem falla að hluta undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br. og er því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í gildandi deiliskipulagi sem sýnir tvöföldun Reykjanesbrautar með mislægum gatnamótum við Strandgötu og Krýsuvíkurveg er stefnt að aukinni umferðarým og bættu þjónustustigi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð og aðliggjandi gatna frá því sem nú er. Einnig er stefnt að meira umferðaröryggi akandi vegfarenda, sem og fyrir gangandi og hjólandi með öruggum leiðum undir eða yfir brautina. Í deiliskipulaginu er áhersla lögð á bætt hljóðstig meðfram fjögurra akreina Reykjanesbraut með hljóðtálmum. Breyting frá gildandi deiliskipulagi miðar að því að minnka umfang brautarinnar með þrengingu miðeyja og færslu hringtorga við Krýsuvíkurveg nær hvort öðru.

Deiliskipulagið er í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 (staðfest 18. maí 2007), sem sýnir fjögurra akreina Reykjanesbraut og staðsetningu Krýsuvíkurvegjar frá Reykjanesbraut að Hraunhelli í samræmi við deiliskipulagið.

Samþykkt deiliskipulög í grennd við deiliskipulag þetta eru eftirfarandi.

1. Deiliskipulag Áslands 1. áfangi (tók gildi 26. janúar 1999).
2. Deiliskipulag Vallahverfis miðsvæði (tók gildi 10. sept. 2004).
3. Deiliskipulag Selhrauns norðurs (tók gildi 6. nóv. 2006).
4. Deiliskipulag Hellnahrauns (tók gildi 16. maí 2000).
5. Deiliskipulag Hvaleyrarholts suðaustur (tók gildi 20. des. 2003).
6. Deiliskipulag Hvaleyrarholts suðvestur (tók gildi 20. des. 2003).
7. Deiliskipulag Hvaleyrarhrauna – byggð í hrauni (tók gildi 15. jan. 1987).
8. Deiliskipulag Hvaleyrar - golfvöllur (tók gildi 14. júní 2006).
9. Deiliskipulag Hvammar (tók gildi 11. Júlí 1979).

Afmörkun fimm þeirra var breytt með gildandi deiliskipulagi á þann hátt að umfang þeirra minnkaði í átt að Reykjanesbraut, það er deiliskipulags Áslands - 1. áfangi, Hvamma,

Hvaleyrarholts suðaustur, Valla - miðsvæðis og Selhrauns. Mörk deiliskipulags aðliggjandi svæða breytast því ekki frá gildandi deiliskipulagi.

Sá þáttur sem talinn er getað valdið breyttum umhverfisáhrifum í kjölfar deiliskipulagsbreytingarinnar er:

- Umfangsminni Reykjanesbraut og minnkun miðeyja.

Aðrir þættir sem skoðaðir verða eru þættir sem gerð var grein fyrir í umhverfisskýrslu með gildandi deiliskipulagi og ekki er reiknað með breyttum umhverfisáhrifum:

- Röskun lands, jarðrask (röskun eldhrauns, fornleifa og fleiri þátta).
- Öruggari akstursleiðir, aukið flæði umferðar.
- Tenging umferðar inn í íbúðahverfi/iðnaðarhverfi.
- Aukin umferð og umferðarhávaði.
- Hljóðmanir og hljóðveggir.

Eftirfarandi umhverfisþætti verður fjallað um:

- Náttúrufar (jarðfræði, gróður, dýralíf, vatnafar, fornleifar)
- Náttúruvernd
- Hljóðvist
- Ásýnd lands og útsýni
- Umferð og öryggi
- Landnotkun

Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við umhverfismat eru einkum

- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br.
- Lög um hollustuhætti og mengun nr. 7/1998 m.s.br.
- Þjóðminjalög nr. 107/2001.
- Umferðarlög nr. 50/1987.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br.
- Reglugerðir um hávaða nr. 933/1999 og nr. 478/2003.
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.
- Aðalskipulag Hafnafjarðar 2005-2025
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024
- Náttúruminjaskrá

Einkennum og vægi umhverfisáhrifa verður lýst í samræmi við nákvæmni deiliskipulagsins. Þau hugtök verða notuð sem varða einkenni umhverfisáhrifa og skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

23.05.2013